

# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

## FUNDARBOÐ – 345. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 14. september 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

### Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Svæðisgarður Snæfellsness – Ragnhildur Sigurðardóttir mætir á fundinn.
- 2) Fundargerðir 323., 324. og 325. fundar bæjarráðs, dags. 22. júní, 14. júlí og 1. september 2021.
- 3) Fundargerð 195. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 7. september 2021.
- 4) Fundargerð 436. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 20. ágúst 2021.
- 5) Boð á haustþing SSV 2021, sem haldið verður þann 29. september n.k.
- 6) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 2. september 2021, varðandi breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar.
- 7) Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar nr. 611/2013.
- 8) Bréf frá Sjúkratryggingum Íslands, dags. 6. september 2021, varðandi framlengingu á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila, samhliða tímabundinni hækkun einingaverðs.
- 9) Bréf frá Unicef og Félagsmálaráðuneytinu, dags. 2. september 2021, varðandi barnvæn sveitarfélög.
- 10) Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 31. ágúst 2021, varðandi samningu heilbrigðiseftirlitssvæða.
- 11) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. ágúst 2021, varðandi innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.
- 12) Bréf frá Forsætisráðuneytinu og Jafnréttisstofu, dags. 25. ágúst 2021, varðandi stöðu jafnlaunavottunar.
- 13) Tilkynning frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 2. september 2021, varðandi afgreiðslu á deiliskipulagstillögu á iðnaðarsvæði á Rífi.
- 14) Tilkynning frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 2. september 2021, varðandi afgreiðslu á nýtt deiliskipulag íbúðarbyggðar á Hellissandi.
- 15) Tilkynning frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 2. september 2021, varðandi afgreiðslu á deiliskipulagsbreytingu í Brekkunni í Ólafsvík.
- 16) Minnispointar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 10. september 2021**  
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

323. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 22. júní 2021 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:0.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.


**Dagskrá:**

- 1) Fundargerð 137. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 9. júní 2021.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) Fundargerð 194. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 1. júní 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 3) Fundargerð 899. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 11. júní 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 4) Fundarboð framhaldsaðalfundar Landskerfis bókasafna, dags. 28. júní 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 5) Bréf frá SÍS, dags. 1. júní 2021, varðandi bókun landsþings sambandsins um skýrslu Framtíðarseturs Íslands.  
Lagt fram til kynningar.
- 6) Bréf frá Guðmundi Alfreðssyni, dags. 4. júní 2021, varðandi niðurrif á útihúsum í Miðhúsum.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar, en vekur athygli á því að þegar erindið var lagt fyrir nefndina var það einungis samþykkt með fyrirvara um samþykki allra eigenda.
- 7) Bréf frá hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, dags. 11. júní 2021, varðandi sameiningarviðræður.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bærarstjóra að finna tíma fyrir bærarstjórn Snæfellsbæjar og hreppsnefnd Eyja- og Miklaholtshrepps til að hittast.
- 8) Bréf frá ættingjum Bergþórs Kristinssonar og Friðþjófs Halldórs Jóhannssonar, dags. 5. júní 2021, þar sem Snæfellsbæ er afhentur granítbekkur til umhirðu og varðveislu um ókomin ár. Bekkurinn er til minningar um frændurna frá Rífi.  
Bæjarráð þakkar aðstandendum þetta fallega framtak og þann hlýhug sem því fylgir.
- 9) Bréf frá Verkalýðsfélagi Snæfellinga, dags. 2. júní 2021, varðandi félagafrelsi.  
Lagt fram til kynningar.
- 10) Bréf frá Ólínu Gunnlaugsdóttur, ódags., varðandi athugasemdir við svör á kynningarfundum þann 3. maí 2021.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa bréfinu til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar.
- 11) Bréf frá Landsneti, dags. 10. júní 2021, varðandi kerfisáætlun 2021-2030.  
Bæjarráð óskar eftir því að Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fari yfir áætlunina og skoði áhersluatriði varðandi Vesturland.


- 12) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 3. júní 2021, varðandi álit ráðuneytisins í máli nr. SRN20070003.  
Lagt fram til kynningar.
- 13) Bréf frá SÍS, dags. 4. júní 2021, varðandi forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreiti.  
Lagt fram til kynningar.
- 14) Bréf frá Þjóðskrá Íslands, dags. 29. júní 2020, varðandi fasteignamat 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 15) Bréf frá stjórn Félags atvinnurekanda, dags. 1. júní 2021, varðandi fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði.  
Bæjarráð vill taka fram að Snæfellsbær er ekki að nýta fulla heimild til álagningar fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði.  
Lagt fram til kynningar.
- 16) Minnispointar bæjarstjóra.
  - a) Bæjarstjóri sagði frá því að stefnt er að því að opna tjaldstæðið á Hellissandi á fimmtudaginn.
  - b) Bæjarstjóri sagði frá því að nýr byggingafulltrúi, Ragnar Már Ragnarsson, hóf störf í morgun.
  - c) Bæjarstjóri sagði frá málefnum Vinnuskólans.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:49

  
Jónína Björg Ottarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

324. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 14. júlí 2021 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**


- 1) **Fundargerð 150. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 1. júlí 2021.**  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) **Minnisblað frá bærarstjóra, dags. 6. júlí 2021, varðandi áframhaldandi viðræður við Eyja- og Miklaholtshrepp.**  
Bæjarráð samþykkti að fela bærarstjóra og bæjarritara að senda bréf til sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, þar sem óskað er eftir afstöðu þeirra til að hefja formlega viðræður um sameiningu sveitarfélaganna.
- 3) **Bréf frá umhverfis- og skipulagsnefnd, dags. 2. júlí 2021, varðandi ábendingar slökkviliðsstjóra um brunavarnir í Snæfellsbæ.**  
Bæjarráð samþykkti að fela bærarstjóra að fara yfir málið og koma með minnisblað inn á næsta fund.
- 4) **Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 29. júní 2021, varðandi beiðni um tilnefningu fulltrúa í samstarfshóp um fyrirhugaða friðlýsingu selasvæðis við Ytri-Tungu í Staðarsveit.**  
Bæjarráð samþykkti að tilnefna Ragnhildi Sigurðardóttur sem fulltrúa Snæfellsbæjar í samstarfshópinn.
- 5) **Bréf frá verkefnastjóra Umhverfissvottunar Snæfellsness, dags. 2. júlí 2021, ásamt frammistöðuskýrslu Snæfellsbæjar 2016-2020.**  
Lagt fram til kynninga en bæjarráð óskar eftir því að skýrslan verði aðgengileg á heimasíðu Snæfellsbæjar og á facebooksíðu sveitarfélagsins.
- 6) **Minnispunktur bærarstjóra.**
  - a) Bærarstjóri fór yfir malbikunarframkvæmdir sem eiga að hefjast í næstu viku.
  - b) Bærarstjóri...

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:01

  
Júníana Björg Óttarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri

325. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 1. september 2021 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

**Mættir:**

Júníana Björg Óttarsdóttir  
Auður Kjartansdóttir  
Fríða Sveinsdóttir  
Kristinn Jónasson, bærarstjóri  
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 28. lið bréf frá Kristjáni G Guðmundssyni, dags. 31. ágúst 2021, varðandi forkaupsrétt að bátnum Stefaníu SH-105. Var það samþykkt og að því búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

**Dagskrá:**

- 1) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 25. maí 2021.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 2) Fundargerð stjórnar Jaðars, dags. 28. maí 2021.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 3) Fundargerð landbúnaðarnefndar, dags. 15. ágúst 2021.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 4) Fundargerð 93. fundar íþrótt- og æskulýðsnefndar, dags. 19. ágúst 2021.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 5) Fundargerð 151. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 20. ágúst 2021.  
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- 6) Fundargerð 119. fundar stjórnar FSS, dags. 16. júní 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 7) Fundargerð 120. fundar stjórnar FSS, dags. 21. júlí 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 8) Fundargerð 168. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 25. ágúst 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 9) Fundargerð 192. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 20. maí 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 10) Fundargerð 193. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 9. júní 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 11) Fundargerð 900. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. ágúst 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 12) Bréf frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 4. ágúst 2021, ásamt afritum af skipunarbréfum Steinunnar I Magnúsdóttur og Arnars Kristjánssonar í Breiðafjarðarnefnd.  
Lagt fram til kynningar.
- 13) Bréf frá Eyja- og Miklaholtshreppi, dags. 6. ágúst 2021, varðandi sameiningarviðræður.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að skipa forseta bærarstjórnar og formann bæjarráðs í nefnd til að hefja formlegar sameiningarviðræður við Eyja- og Miklaholtshrepp.

PS.  
JBO  
AM  
JF


- 14) Bréf frá meistaraflokki Reynis, Hellissandi, dags. 12. ágúst 2021, varðandi ósk um styrk til að halda uppi starfsemi meistaraflokksins.  
Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og samþykkti samhljóða að vísa erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2022.
- 15) Bréf frá Summit Adventure Guides, dags. 24. ágúst 2021, varðandi viðræður um Gufuskála.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að ganga til viðræðna við leigutakana um Gufuskála.
- 16) Bréf frá Slökkviliði Snæfellsbæjar, ódags., varðandi kaup á afeitrunarstöð.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að vísa erindinu til tæknideildar og íþróttá- og æskulýðsfulltrúa til að fá betri hugmynd um heildarkostnað við uppsetningu og staðsetningu. Að því loknu mun erindinu verða vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2022.
- 17) Umsókn frá Hlyni Hafsteinssyni, dags. 10. ágúst 2021, að fá að halda hundinn Lóu.  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 18) Umsókn frá Önnu Báru Gunnarsdóttur, dags. 13. júlí 2021, að fá að halda hundinn Mola.  
Umsóknin samþykkt samhljóða.
- 19) Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dags. 12. júlí 2021, varðandi brunavarnaáætlun Snæfellsbæjar.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að svara erindinu.
- 20) Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dags. 13. júlí 2021, varðandi úttekt á starfsemi Slökkviliðs Snæfellsbæjar.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að svara erindinu.
- 21) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 14. júlí 2021, varðandi stofnsamning Byggðasamlags Snæfellinga.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarstjóra að hafa samband við samstarfssveitarfélögin um það að gera þær breytingar sem þarf á stofnsamningi Byggðasamlagsins.
- 22) Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 30. júlí 2021, varðandi auglýsingu um ákvörðun ráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að fela bæjarritara að athuga með þær breytingar á bæjarmálasamþykkt Snæfellsbæjar sem þarf að gera.
- 23) Viðauki við samning við Mflu vegna ljósleiðaratengingar að Gufuskálum.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða framlagðan viðauka við samninginn við Mílu um ljósleiðaratengingu að Gufuskálum.
- 24) Bréf frá Myndstef, dags. 6. ágúst 2021, varðandi bátslíkön Gríms Karlssonar.  
Lagt fram til kynningar.
- 25) Bréf frá Brunabót, dags. 22. júní 2021, varðandi úthlutun úr Styrktarsjóði EBÍ 2021.  
Lagt fram til kynningar.
- 26) Bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 11. ágúst 2021, varðandi staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar vegna stækkunar íbúðarbyggðar á Hellissandi.  
Lagt fram til kynningar.
- 27) Bréf frá ÍSÍ, dags. 17. ágúst 2021, varðandi verkefnið Göngum í skólann.  
Lagt fram til kynningar.
- 28) Bréf frá Kristjáni G Guðmundssyni, dags. 31. ágúst 2021, varðandi sölu á bátnum Stefaníu SH-105, skipaskr.nr. 2486.  
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að bátnum Stefaníu SH-105, skipaskr.nr. 2486.




29) Minnispointar bæjarstjóra.


- a) bæjarstjóri sagði frá fjármálum Snæfellsbæjar.
- b) bæjarstjóri ræddi um skólaakstur.
- c) bæjarstjóri ræddi um malbiksframkvæmdir sem hafa gengið mjög vel.
- d) bæjarstjóri ræddi málefni heilsugæslunnar.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:45

  
Júníana Björg Ottarsdóttir

  
Auður Kjartansdóttir

  
Fríða Sveinsdóttir

  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

  
Lífja Ólafardóttir, bæjarritari



**Fundargerð 195. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga**

**Opinber útgáfa!**

**Fundarstaður;** Fundarstaður: „Teams-fjarfundarbúnaður“  
**Dagsetning;** þriðjudagur 7. september, 2021 kl. 16.30

**Mættir:** Ragnheiður Dröfn Benediktsdóttir, Hermína Kristín Lárusdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður, Sigrún Þórðardóttir, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

**Dagskrá:**

**Meðferð máls**

1. Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.  
Ragnheiður Dröfn Benediktsdóttir er boðin velkomin í nefndina sem fulltrúi Grundarfjarðarbæjar í stað Eyglóar Báru Jónsdóttur.
2. **Málefni , skv. lögum um barnavernd** *kynning – umræða – afgreiðsla*  
(...Fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)
3. **Málefni, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** *kynning – umræða – afgreiðsla*  
(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)
4. **Málefni , skv. lögum og reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla**  
*kynning – umræða – afgreiðsla*
  - a) FSS í samráði við grunn- og leikskólana undirbýr nú haustnámskeið skólastiganna; grunnskólarnir með „Nám við hæfi“ sem fram fer Félagsheimilinu Klifi, Ólafsvík 8. október og leikskólarnir með „Leikur“ sem fram fer í Fjölbrautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði sama dag, 8. október
  - b) Ragnar Hjörvar Hermannsson, talmeinafræðingur, hefur verið ráðinn talmeinafræðingu leikskólanna en Elmar Þórðarson lét af starfi sínu þar í júní sl. Eru honum hér færðar þakkir fyrir gott samstarf á sl. árum.
  - c) Hrönn Baldursdóttir, hefur verið ráðin að nýju sem náms- og starfsráðgjafi grunnskólanna þetta skólaárið í 20% stöðugildi, en engar umsóknir sem uppfylla skilyrði auglýsingar hafa borist um starfið.



- 
- d) Jón Haukur Hilmarsson, hefur verið ráðinn forstöðumaður þjónustuíbúðakjarna fatlaðs fólks, tímabundið til eins árs, ásamt því að gegna áfram starfi fagstjóra þjónustu við fólk með fötlun en lætur á sama tímabili af starfi ráðgjafarþroskajálfa í grunn- og leikskólum.
  - e) Haustfundur FSS og skólastjóra grunn- og leikskólanna á Snæfellsnesi fer fram þann 21. september n.k.

## 5. Önnur mál

*kynning – umræða*

- a) Næsti fundur nefndararinnar, nr. 196, verður haldinn í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar mánudaginn 4. október kl. 16.30. Hamli sóttvarnir þeim fundi verður hann færður á Teams- fjarfundabúnað.
- b) Forstöðumaður gerði grein fyrir gangi byggingar þjónustuíbúðakjarnans og undirbúningi að starfsemi og rekstri.
- c) FSS hefur samþykkt móttöku Önnu Lindar Særúnardóttur, meistaranema í félagsráðgjöf HÍ, í starfsnám hér frá og með n.k. áramótum, undir handleiðslu Ingveldar.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17.30  
Fundarritari: Sveinn Þór Elinbergsson

# Fundargerð 436. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 20. ágúst kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Guðmundur M Kristjánsson, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason. Í fjarfundarsambandi voru Eydís Ásbjörnsdóttir, Hanna Björg Konráðsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir,

Sesselía Dan Róbertsdóttir og Bryndís Gunnlaugsdóttir sátu fundinn að hluta.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2021 - 2102001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 435. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 4. júní 2021.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Hafnafundur 2021 - 2101001HA

Lögð fram drög að dagskrá hafnafundar sem stefnt er að halda 3. september nk.

*Samþykkt að senda út fundarboð og dagskrá og óska eftir skráningum fyrir miðvikudaginn 25. ágúst. Ef þátttaka er ekki næg þá mun fundurinn fara fram í gegnum fjarfundarbúnað.*

### 3. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2020 - 2105006HA

Lögð fram til kynningar drög að skýrslu um úttekt og greiningu á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2019. Sesselía Dan Róbertsdóttir kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir skýrslunni sem gert er ráð fyrir að verði tilbúin í næstu viku.

*Stjórn hafnasambandsins þakkar Sesselíu Dan fyrir vel unnin störf og felur henni að ganga frá skýrslunni og kynna niðurstöður hennar á hafnafundi 3. september.*

### 4. Framkvæmdaþörf hafna 2021-2031 - 2105002HA

Sesselía Dan Róbertsdóttir gerði grein fyrir stöðu verkefnisins en illa hefur gengið að fá upplýsingar frá aðildarhöfnum hafnasambandsins.

*Stjórn lagði áherslu á að halda verkefninu áfram og hvetur aðildarhafnir til að senda umbeðnar upplýsingar sem fyrst.*

Bryndís Gunnlaugsdóttir kom inn á fund kl. 12:25.

**5. Leyfi til umskipunar olíu - 2104004HA**

Lögð fram drög frá Umhverfisstofnun að leiðbeiningum um umskipun olíu, dags. 24. júní 2021. Óskar stofnunin eftir umsögn um leiðbeiningarnar frá hafnasambandinu fyrir 1. september.

*Stjórnarmönnum falið að rýna leiðbeiningar og senda ábendingar til starfsfólks hafnasambandsins sem mun útbúa umsögn til að senda til Umhverfisstofnunar.*

Sesselía Dan Róbertsdóttir fór af fundi kl. 12:30.

**6. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA**

Bryndís Gunnlaugsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála varðandi nýjan veiðafærasamning Úrvinnslusjóðs.

**7. Samræmd móttaka á sorpi frá skipum í öllum höfnum - 2102002HA**

Formaður skýrði frá viðræðum við fulltrúa Umhverfisstofnunar varðandi nýja tilskipun ES um móttöku úrgangs frá skipum.

**8. Farþegagjald - 2108001HA**

Rætt um stöðu mála varðandi farþegagjald hafna. Pétur Ólafsson gerði grein fyrir erindi sem Hafnasamlagi Norðurlands barst frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu vegna farþegagjalds.

Bryndís Gunnlaugsdóttir fór af fundi kl. 13:05.

**9. Rannsóknir í hafnarétti - styrkbeiðni - 2106002HA**

Lagt fram bréf frá Lagastofnun Háskóla Íslands, dags. 23. júní 2021, þar sem stofnunin óskar eftir fjárhagsstuðningi upp á allt að 13.500.000 kr. vegna rannsókna í hafnarétti.

*Stjórn Hafnasambands Íslands þakkar fyrir erindið en verður því miður að hafna erindinu þar sem það rúmast ekki innan fjárhagsáætlunar hafnasambandsins.*

Fundi var slitið kl. 13:30

---

Lúðvík Geirsson

---

Eydís Ásbjörnsdóttir

---

Guðmundur M Kristjánsson

---

Hanna Björg Konráðsdóttir

---

Magnús Þór Ásmundsson

---

Pétur Ólafsson

---

Alexandra Jóhannesdóttir

---

Björn Arnaldsson

---

Ólafur Þór Snorrason

---

Valur Rafn Halldórsson



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Borgarnesi 29.08 2021

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

**Efni: Haustþing SSV 2021**

Haustþing SSV 2021 verður haldið í Árbliki í Dalabyggð miðvikudaginn 29. september n.k. Dagskrá hefst kl.09.30 og er áætlað að þingið standi yfir til kl.18.00.

Á þinginu verða starfandi fjórir vinnuhópar og munu hóparnir funda á Teams fyrir þingið. Þema þings verða orkumál, en meðfylgjandi er dagskrá þingsins.

Seturétt á haustþingi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Á fundinum verða lagðar fram fjárhags- og starfsáætlanir fyrir SSV árið 2022. Þessar áætlanir verða sendar út til sveitarfélaganna fyrir þingið.

Virðingarfyllst

Páll S. Brynjarsson  
Framkvæmdastjóri SSV



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

## **Haustþing SSV 2021**

### **Haldið í Árbliki í Dalabyggð 29 september 2021**

#### **Dagskrá**

- Kl.09.30 Þingsetning, Lilja B. Ágústsdóttir formaður SSV
- Kl.09.45 Fjárhagsáætlun og starfsáætlun SSV fyrir árið 2022 lagðar fram og kynntar. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV
- Kl.10.15 Kynning á tillögu að endurskoðaðri samgönguáætlun Vesturlands og nýrri menningarstefnu fyrir Vesturland
- Kl.11.00 Vinnuhópar um ályktanir Haustþings taka til starfa
- Fjárhags- og starfsáætlun SSV
  - Atvinnumál og umhverfismál
  - Samgöngur, fjarskipti og raforkumál
  - Opinber þjónusta og málefni sveitarfélaga
- Kl.12.15 Hádegisverður
- Kl.13.00 Skoðunarferð um Dali og Búðardal undir leiðsögn Kristjáns Sturlusonar sveitarstjóra
- Kl.14.00 Ávörp gesta
- Kl.15.00 Erindi og pallborðsumræður um þema þingsins sem verða orkumál
- Kl.17.00 Afgreiðsla áætlana og ályktanna.
- Kl.18.00 Þinglok og léttar veitingar

## Kristinn Jónasson

---

**From:** Jóhanna Sigurjónsdóttir <johanna.sigurjonsdottir@srn.is>  
**Sent:** fimmtudagur, 2. september 2021 11:09  
**To:** johanna.sigurjonsdottir@srn.is  
**Subject:** Drög að breytingum á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013  
**Attachments:** Til allra sveitarfélaga.pdf

Tilvísun í mál: SRN21090001

Góðan dag

Ráðuneytið hefur birt í [samráðsgátt Stjórnarráðsins](#) drög að breytingum á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013.

Alþingi samþykkti þann 13. júní sl. lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 96/2021, sem heimilar sveitarstjórnarmönnum að taka þátt með rafrænum hætti á fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Um slíka heimild skal kveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Þessar breytingar á sveitarstjórnarlögum kalla á breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 annars vegar og notkun fjarfundarbúnaðar nr. 1140/2013 hins vegar, en ráðuneytinu ber setja leiðbeiningar um þessi atriði sbr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Unnar hafa verið breytingar á leiðbeiningunum í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Helstu breytingar fela í sér:

1. Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess, sbr. lög nr. 96/2021.
2. Að öllu jöfnu skal hver og einn fundarmaður, hvort sem hann er staddur á fundarstað eða annars staðar, vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur þannig að hægt sé að fylgjast með innleggi hans og þátttöku í fundi án hindrana.
3. Heimilt er að fram fari leynileg atkvæðagreiðsla þegar einhver fundarmanna tekur þátt í fundi með rafrænum hætti, sé tryggt að slík atkvæðagreiðsla fari fram með öruggum hætti.
4. Ef fundarmaður í fjarfundi missir samband við fundinn skal gert fundarhlé og miða skal við að fundur hefjist ekki að nýju fyrr en samband hefur náðst við fundarmanninn, hann veiti samþykki fyrir því að fundi verði haldið áfram án hans eða varamaður hefur tekið sæti á fundinum.  
Ef fundarhlé hefur staðið yfir í meira en 30 mínútur og ekki hefur tekist að uppfylla skilyrði 1. mgr. fyrir áframhaldi fundarins, er heimilt að fundur hefjist að nýju ef fundurinn er að öðru leyti ályktunarhæfur.
5. Heimild til staðfestingar sveitarstjórnarmanna/nefndarmanna á fundargerðum fjarfunda hafa verið rýmkaðar. Heimilt er að undirrita fundargerð með rafrænum hætti eða staðfesta hana með tölvupósti.

Eru sveitarfélög hvött til að senda inn umsögn sína um leiðbeiningar ráðuneytisins og huga jafnframt að breytingum á samþykktum sínum.

Bestu kveðjur,  
Jóhanna Sigurjónsdóttir



**Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser**

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti / Ministry of Transport and Local Government

Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 545 8200

[www.samgonguraduneyti.is](http://www.samgonguraduneyti.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



**GRÆN SKREF**

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing





SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 1. september 2021  
Tilv.: SRN21090001/4.10.0

Efni: Breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar

Til allra sveitarfélaga,

Þann 13. júní sl. samþykkti Alþingi lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 96/2021, sem m.a. víkka heimildir sveitarfélaga til að ákveða að sveitarstjórnarmönnum sé heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélaga.

Þessar breytingar á sveitarstjórnarlögum kalla jafnframt á uppfærslu á leiðbeiningum um ritun fundargerða nr. 22/2013 annarsvegar og notkun fjarfundabúnaðar nr. 1140/2013 hins vegar og hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið unnið að drög að nýjum leiðbeiningunum í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Helstu breytingar fela í sér:

1. Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess, sbr. lög nr. 96/2021.
2. Að öllu jöfnu skal hver og einn fundarmaður, hvort sem hann er staddur á fundarstað eða annars staðar, vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur þannig að hægt sé að fylgjast með innleggi hans og þátttöku í fundi án hindrana.
3. Heimilt er að fram fari leynileg atkvæðagreiðsla þegar einhver fundarmanna tekur þátt í fundi með rafrænum hætti sé tryggt að slík atkvæðagreiðsla fari fram með öruggum hætti.
4. Ef fundarmaður í fjarfundi missir samband við fundinn skal gert fundarhlé og miða skal við að fundur hefjist ekki að nýju fyrir en samband hefur náðst við fundarmanninn, hann veiti samþykki fyrir því að fundi verði haldið áfram án hans eða varamaður hefur tekið sæti á fundinum.

Ef fundarhlé hefur staðið yfir í meira en 30 mínútur og ekki hefur tekist að uppfylla skilyrði 1. mgr. fyrir áframhaldi fundarins, er heimilt að fundur hefjist að nýju ef fundurinn er að öðru leyti ályktunarhæfur.

5. Heimild til staðfestingar sveitarstjórnarmanna/nefndarmanna á fundargerðum fjarfunda hafa verið rýmkaðar. Heimilt er að undirrita fundargerð með rafrænum hætti eða staðfesta hana með tölvupósti.

Er sveitarfélaginu veitt færi á að veita umsögn sína um framkomna tillögu að nýjum leiðbeiningum áður en þær verða staðfestar að ráðuneytinu.

Vert er að nefna að við vinnslu leiðbeininganna kom m.a. til umræðu hvort að tilefni væri til að afnema skyldu sveitarfélaga til að halda gerðabækur þar sem að ljóst er að flest sveitarfélög vinna fundargerðir sínar nú með rafrænum hætti. Óskar ráðuneytið því sérstaklega eftir álitum sveitarfélagsins á því hvort að það telji enn þörf á gerðarbók fyrir fundargerðir sínar.

Þá er vakin athygli sveitarfélagsins á því að skv. 17. gr. sveitarstjórnarlaga þarf að vera mælt fyrir heimild til þátttöku í fundum á vegum sveitarfélags með rafrænum hætti í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Gera má því ráð fyrir að sveitarfélagið þurfi að uppfæra samþykkt sína vilji það víkka heimildir sveitarstjórnarmanna til að taka þátt með rafrænum hætti í fundum á vegum sveitarfélagsins.


Í nýrri fyrirmynd að stjórn um samþykkt sveitarfélaga, sem birt verður á næstu vikum, leggur ráðuneytið til að ákvæði í samþykkt sveitarfélagsins sem heimilar fjarfundi sé á þessa leið:


„Sveitarstjórnarmenn/nefndarmenn í sveitarstjórn og í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundum með rafrænum hætti. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.“

Það ber jafnframt að athuga að sveitarfélag getur þrengt skilyrði sveitarstjórnarlaga og leiðbeininga ráðuneytisins um framkvæmd fjarfunda og skal það þá tekið fram í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins. Sveitarfélögum er þó ekki heimilt að víkka heimildirnar.

Í gildi er ákvörðun samgöngu- sveitarstjórnarráðherra sem birt var með auglýsingu nr. 894/2021, í B-deild Stjórnartíðinda sem heimilar sveitarfélögum að halda fjarfundi vegna Covid-19 faraldursins, þrátt fyrir að skilyrði sveitarstjórnarlaga eru ekki uppfyllt og þess er ekki getið í stjórn um samþykkt sveitarfélagsins. Ákvörðunin ráðherra gildir eingöngu til 1. október n.k. og er sveitarfélagið því hvatt til að huga að breytingum á samþykkt sinni telji það ástæðu til að heimila rafræna þátttöku nefndarmanna í fundum á vegum sveitarfélagsins.

Fyrir hönd ráðherra

  
Ragnhildur Hjaltadóttir

  
Hermann Sæmundsson

# **SAMÞYKKT**

## **um breytingu á samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar nr. 611/2013**

### **1. grein**

Eftirfarandi breytingar verða á 8.gr. samþykktarinnar:

- a) neðangreint bætist við sem 2.mgr. 8.gr. samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar nr. 611/2013 og færast aðrar mgr. neðar:  
„Bæjarstjórnarmenn/nefndarmenn í bæjarstjórn og í nefndum og ráðum á vegum bæjarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytisins, sbr. 2.mgr. 19.gr. sveitarstjórnarlaga.“

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett samkv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist og öðlast þegar gildi.

## Lilja Ólafardóttir

---

**From:** Kristín Lára Ólafsdóttir - SJTR <kristin.olafsdottir@sjukra.is>  
**Sent:** mánudagur, 6. september 2021 12:46  
**To:** Kristín Lára Ólafsdóttir - SJTR  
**Cc:** sigurjon@samtok.is; valgerdur.freyja.agustsdottir@samband.is; eybjorg@eir.is; heida@samtok.is  
**Subject:** Framlenging á samningum um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila samhliða tímabundinni hækkun einingarverðs  
**Attachments:** Hjúkrunarheimili - Framlenging september 2021 með breytingum DRÖG.pdf

Góðan dag,

Sjúkratryggingar Íslands senda hér með drög að uppfærðri framlengingu á samningum um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimila þar sem ákveðið var að bæta inn í samkomulagið ákvæðum um viðbótargreiðslur vegna kostnaðarútlaga, sjá meðfylgjandi drög að framlengingu samnings til tveggja mánaða, eða til og með 28. febrúar 2022.

Í þessari viku stendur til að reikna út hlutdeild hvers hjúkrunarheimilis í útlagasjóði vegna árána 2019 og 2020 og greiða um miðjan mánuðinn þeim aðilum sem gengið hafa frá undirritun samkomulagsins.

Vitnað er til fyrri tölvupósts um upplýsingar um samþykki og hver muni undirrita samkomulagið fyrir hönd hjúkrunarheimilisins.

Kveðja



Kristín Lára Ólafsdóttir  
Sérfræðingur  
Samningadeild  
SJTR-þjónustusvið  
kristin.olafsdottir@sjukra.is

Sjúkratryggingar Íslands  
Vínlandsleið 16  
113 Reykjavík  
Sími: 515 0000

[Ábyrgð varðandi tölvupóstinn](#)  
[Persónuverndarstefna](#)



JAFNLAUNAVOTTUN  
2020

## **DRÖG**

### **Samkomulag um framlengingu á samningi**

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) kt. 650309-0220 og rekstraraðili hjúkrunarheimilis xxx (verksali) kt. gera með sér svofellt samkomulag um framlengingu á samningi um rekstur og þjónustu hjúkrunarheimilis að heimilisfang, dags. dd. mánuður ár, sbr. síðari breytingar.

Með samkomulagi þessu er ofangreindur samningur framlengdur til og með 28. febrúar 2022.

Á tímabilinu frá og með 1. september 2021 til og með 31. desember 2021 verður einingarverð, skv. 3. mgr. 8. gr. samningsins, kr. 145,46 eða sem nemur 8,12% hækkun frá fyrra verði. Þessi hækkun einingarverðs er tímabundin og myndar ekki grunn fyrir uppreikning einingarverðs til verðlags á árinu 2022.

Greiðslur vegna útlagakostnaðar (2019 og 2020), sbr. fylgiskjal 1 með samkomulagi þessu fara fram í september 2021 og vegna ársins 2021 eftir lokauppgjör ársins.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um staðfestingu heilbrigðisráðherra.

Reykjavík, xx. september 2021

Samkomulag þetta er undirritað með rafrænum hætti.

**Verklag við úthlutun úr sjóði Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) vegna útlagakostnaðar á grundvelli fjárveitingar í fjárukalögum 2021.**

Í fjárukalögum fyrir árið 2021 var veitt 300 mkr. í sjóð hjá Sjúkratryggingum Íslands til að koma til móts við rekstraraðila hjúkrunarheimila (100 m.kr. fyrir hvert ár 2019 til 2021). Þá kemur fram að ráðuneytið setji nánari reglur um skiptingu framlagsins. Samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins verður fjárveitingum úthlutað til rekstraraðila með eftirfarandi hætti:

Úthlutað er til rekstraraðila sem reka hjúkrunar- og dvalarrými þann 1. ágúst 2021.

Nýir rekstraraðilar sem tekið hafa við eða hafið rekstur hjúkrunar- og dvalarrýma á umræddu þriggja ára tímabili, fá greitt hlutfallslega fyrir þann tíma sem þau hafa rekið rýmin.

Til grundvallar greiðslu liggur heildarfjárheimild hjúkrunarheimila á samning við SÍ fyrir viðkomandi ár (inni í heildarfjárheimild heimilanna eru upphæðir daggjalda allra tegunda hjúkrunarrýma, dvalarrýma ásamt smæðarálagi og húsnæðisgjaldi). Hlutfall hvers heimilis af heildarfjárheimild allra heimilanna er þá það % hlutfall sem heimilið fær úr ofangreindum sjóði fyrir hvert ár.

Bæjarráð Snæfellsbæjar  
Klettabúð 4  
360 Hellissandi

Reykjavík, 2. september 2021

### **Erindi: Barnvæn sveitarfélög – Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**

Síðastliðin ár hefur eftirspurn eftir fræðsluefni og stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna aukist gríðarlega. Það á ekki síst við um skólastofnanir og sveitarfélög sem hafa kallað eftir aðstoð og stuðningi við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starfsemi sína. Til að svara þessari eftirspurn hóf UNICEF á Íslandi, árið 2016, að þróa verkefni til þess að gera Barnasáttmálann að rauðum þræði í starfsemi sveitarfélaga – verkefnið Barnvæn sveitarfélög. Árið 2020 hlaut Akureyrarbær fyrst allra sveitarfélaga viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag og fyrr á þessu ári bættist Kópavogsbær í hópinn. Nú vinna 15 sveitarfélög að því að verða Barnvæn sveitarfélög og eru þau, í starfrófsröð: Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Fjarðabyggð, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Hrunamannahreppur, Mosfellsbær, Rangárþing Eystra, Reykjanesbær, Seltjarnarnesbær, Svalbarðsstrandarhreppur, Sveitarfélagið Ölfus, Sveitarfélagið Vogar, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur. Eins og sjá má hefur mikill áhugi verið á verkefninu á meðal sveitarfélaga.

**Með þessu bréfi viljum við bjóða Snæfellsbæ að bætast í hópinn!**

#### **Barnvæn sveitarfélög**

Hugmyndafræði Barnvænna sveitarfélaga byggir á alþjóðlegu verkefni UNICEF, Child Friendly Cities Initiative, sem innleitt hefur verið í hundruðum sveitarfélaga um allan heim frá árinu 1996. Að sveitarfélag innleiði Barnasáttmálann þýðir að það samþykki að nota sáttmálann sem viðmið í sínu starfi og gera hann að rauðum þræði í allri starfsemi þess. Barnasáttmálinn verður með því, gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu. Innleiðingarferlið skiptist í átta skref sem stigin eru með stuðningi og ráðgjöf starfsmanna UNICEF á Íslandi og félagsmálaráðuneytisins en eftir að hafa lokið ferlinu og staðist úttekt hljóta sveitarfélög viðurkenningu sem Barnvæn sveitarfélög. Viðurkenningin gildir í þrjú ár en að þeim loknum þarf sveitarfélagið að fara í gegnum úttekt á ný til þess að viðhalda viðurkenningunni.

#### **Samstarf félagsmálaráðuneytis og UNICEF á Íslandi við innleiðingu Barnvænna sveitarfélaga**

Þann 18. nóvember 2019, í tilefni af 30 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, undirrituðu Ásmundur Einar Daðason, félags- og barnamálaráðherra og Bergsteinn Jónsson, þáverandi framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, samning um samstarf við félagsmálaráðuneytið undir formerkjunum *Barnvænt Ísland*. Markmið samstarfsins var að tryggja aðgengi allra sveitarfélaga að stuðningi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Nú hefur verkefnið fengið enn traustari grunn því það er liður í fjögurra ára aðgerðaáætlun félags- og barnamálaráðherra um Barnvænt Ísland sem samþykkt var á Alþingi í sumar. Öllum sveitarfélögum landsins stendur nú til boða að taka þátt.

**Auglýst eftir umsóknum áhugasamra sveitarfélaga um þátttöku í verkefninu**

Opnað hefur verið fyrir umsóknir um þátttöku í verkefninu Barnvæn sveitarfélög fyrir árið 2022. Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur verkefnið og skrá ykkur til þátttöku. Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri Barnvænna sveitarfélaga hjá UNICEF á Íslandi og Marín Rós Eyjólfsdóttir, samskiptastjóri innanlandsdeildar UNICEF á Íslandi svara fyrirspurnum ([barnvaensveitarfelog@unicef.is](mailto:barnvaensveitarfelog@unicef.is)). Hægt er að bóka 30 mín kynningu á verkefninu sér að kostnaðarlausu en einnig bendum við á heimasíðu verkefnisins, [barnvaensveitarfelog.is](http://barnvaensveitarfelog.is) þar sem má nálgast allar upplýsingar um verkefnið.

Virðingarfyllst,

*Ásmundur Einar Daðason*

-----  
Ásmundur Einar Daðason  
Félags- og barnamálaráðherra

*Birna Þórarinsdóttir*

-----  
Birna Þórarinsdóttir  
Framkvæmdarstjóri UNICEF á Íslandi



## Lilja Ólafardóttir

---

**From:** Sigurbjörg Sæmundsdóttir <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 31. ágúst 2021 15:38  
**To:** 'Guðjón Erling Friðriksson'; 'Páll Snævar Brynjarsson'; Karitas Jónsdóttir; kjos@kjos.is; akranes@akranes.is; Snæfellsbær; hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is; stykkisholmur@stykkisholmur.is; borgarbyggd@borgarbyggd.is; dalir@dalir.is; helgafellssveit341@gmail.com; grundarfjordur@grundarfjordur.is; eyjaogmiklaholtshreppur@vortex.is; skorradalur@skorradalur.is; postur@seltjarnarnes.is; mos@mos.is; gardabaer@gardabaer.is; kopavogur@kopavogur.is  
**Cc:** 'Guðjón Bragason'; ust@ust.is; sigruna@Umhverfisstofnun.is; 'Þorsteinn Narfason'; Árni Davíðsson; 'Hörður Þorsteinsson'  
**Subject:** UMH21070007 Kjósasvæði sameininst öðrum heilbrigðiseftirlitssvæðum  
**Attachments:** UMH21070007 Sameining heilbrigðiseftirlitssvæða.docx

Sæll og blessuð.

Eins og þið þekkið öll til er unnið að breytingum á heilbrigðiseftirlitssvæðum er snerta Kjósarsvæði, Vesturland og Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.

Vorið 2020 kom ósk frá sveitarfélögunum Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi um breytingu á heilbrigðiseftirlitssvæðum og að umrædd sveitarfélög færu inn í Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.

Í samtölum ráðuneytisins við hlutaðeigandi sveitarfélög sem og í umsögnum Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga hefur komið fram að sökum þess hvaða skyldur hvíla á heilbrigðisnefndum samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir væri óskilegt að sveitarfélagið Kjósarhreppur stæði eitt að Heilbrigðiseftirlitssvæði Kjósarsvæðis og sveitarfélagið hefði hag að samvinnu við önnur sveitarfélög við heilbrigðiseftirlit. Rök hníga frekar að því að Kjósarhreppur verði hluti af Heilbrigðisnefnd Vesturlands og að Seltjarnarnes og Mosfellsbær hluti af Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Það kom líka fram skýr vilji frá Kjósarhreppi um að sameinast til vesturs ef af breytingu yrði þar sem það hentaði vel landfræðilega og verkefnalega séð. Samband íslenskra sveitarfélaga, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og Matvælastofnun hafa tekið undir þessa skoðun. Ráðuneytið ræddi auk þess óformlega við framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og framkvæmdastjóra Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Þá kynnti ráðuneytið málið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti þar sem matvælalöggjöfin heyrir undir það ráðuneyti og fékk í framhaldi af því, eins og að framan greinir, afstöðu Matvælastofnunar til málsins.

Hlutaðeigandi sveitarfélög, þ.e. Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Seltjarnarnes og Mosfellsbær annars vegar og Kjósarhreppur og þau tíu sveitarfélög sem eru á Vesturlandi hins vegar, hafa eftir því sem ráðuneytið best veit, unnið að þessari breytingu.

Til að hægt sé að fara í framangreindar breytingar þarf að setja reglugerð um sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða.

Drög að reglugerð voru kynnt í samráðsgátt á tímabilinu 8. júní til 22. júní 2021, sbr. tölvupóstur sem sendur var til ykkar 8. júní sl.

Tvær umsagnir bárust. Önnur frá framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og hin frá Samtökum atvinnulífsins. Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Vesturlands bendir á að á Vesturlandi sé ekki þörf á að kjósa nýja heilbrigðisnefnd eftir sameiningu þar sem Kjósarhreppur mun ekki eiga rétt á fulltrúa í nefndinni vegna stærðar sveitarfélagsins en hefur þó fullt atkvæðavægi á aðalfundi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Lagt er til að tekið verði tillit við þessara ábendingar við frágang reglugerðarinnar. Að mati Samtaka atvinnulífsins er sú sameining sem lögð er til með reglugerðinni jákvætt skref í átt að einfaldara eftirlitakerfi.

Ráðuneytið stefnir nú að því að ganga frá meðfylgjandi reglugerð um sameiningu heilbrigðiseftirlitssvæða fljótlega með það að markmiðið breytingum verði lokið eigi síðar en 1. janúar nk.

Vinsamlegast hafið samband ef óskað er eftir samtali eða upplýsingum áður en lengra er haldið.


Með þakklæti og góðri kveðju,  
SSæm



**Sigurbjörg Sæmundsdóttir, deildarstjóri / Head of Division**

Skrifstofa umhverfis og skipulags / Department of Environment and Spatial Planning  
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið / Ministry for the Environment and Natural Resources  
Skuggasund 1, 101 Reykjavík, Iceland  
Sími / Tel: (+354) 545 8600  
[www.umhverfisraduneyti.is](http://www.umhverfisraduneyti.is) - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing



### Reglugerð

um sameiningu annars vegar heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu heilbrigðiseftirlits Kjósahrepps við Vesturlandssvæði á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 1. gr.

Kjósarsvæði, sbr. 10. tölulið 2. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunvarnir, er skipt upp og sameinað öðrum eftirlitssvæðum sem hér segir:

- a. Kjósarhreppur sameinast Vesturlandssvæði, sbr. 2. tölulið 2. mgr. 45. gr. laganna, og
- b. Seltjarnarnesbær og Mosfellsbær sameinast Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði, sbr. 9. tölulið 2. mgr. 45. gr. laganna.


Sameiningu, sbr. 1. mgr., skal lokið 1. janúar 2022.

#### 2. gr.

Eftir sameiningu, sbr. 1. gr., skal, ef þörf er á, kjósa nýjar heilbrigðisnefndir á Vesturlandssvæði og á Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði sem skulu starfa fram yfir næstu sveitarstjórnakosningar, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998. Kjósa skal nýja heilbrigðisnefnd eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar á hvoru svæði. Í hvorri nefnd skulu eiga sæti sex menn, fimm kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður, og einn tilnefndur af samtökum atvinnurekenda á eftirlitssvæðinu. Atkvæði formanns ræður úrslitum ef atkvæði falla jafnt í nefndinni. Náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa í nefndina til viðbótar en hann hefur ekki atkvæðisrétt við afgreiðslu mála í nefndinni. Sömu reglur gilda um varamenn.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett er með stoð í 3. mgr. 45. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að höfðu samráði við sveitarfélög á Vesturlandi, Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar. Reglugerðin tekur þegar gildi.



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 30. ágúst 2021

2009307SA KB

Málalykill: 00.11

### Efni: Innleiðing laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 26. ágúst 2021 var fjallað um innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

*„Stjórn sambandsins hvetur sveitarfélög til þess að hefja undirbúning innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Slíkur undirbúningur getur falið í sér endurskoðun verkferla með aukinni áherslu á samhæfingu verklags þvert á svið. Stjórnin telur það vera hlutverk sambandsins að miðla upplýsingum frá sveitarfélögum sem þegar eru komin áleiðis í sambærilegri vinnu auk upplýsinga frá félagsmálaráðuneyti um framgang innleiðingar laganna.“*

Eins og sveitarstjórnnum er kunnugt er um að ræða málefni sem hefur ítrekað komið til umfjöllunar á vettvangi starfshóps um skýrari verka- og ábyrgðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga, svonefndri grábókarnefnd, sem heyrir undir samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga, þ.e. Jónsmessunefnd. Starfsmenn sambandsins sem eiga sæti í fyrrnefndu nefndinni eru Tryggvi Þórhallsson og María Kristjánsdóttir og eru þau, eins og ávallt, boðin og búin að veita nánari skýringar ef eftir því er leitað.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



Stjórnarráð Íslands  
Forsætisráðuneytið



Snæfellsbær  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandi

Akureyri, 25. ágúst 2021

2001110 KBR

### Efni: Staða jafnlaunavottunar

Þann 1. janúar 2018 tók gildi breyting á þágildandi lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla sem skyldar fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 eða fleiri starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli til að öðlast vottun á jafnlaunakerfi fyrirtækisins eða stofnunarinnar sem staðfestir að jafnlaunakerfið og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðalsins ÍST 85.

Samkvæmt reglugerð um jafnlaunavottun, nr. 1030/2017, áttu stofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki þar sem 250 starfsmenn starfa að jafnaði á ársgrundvelli að hafa lokið vottun fyrir lok árs 2019. Um næstu áramót verða liðin tvö ár frá því að lögbundinn frestur Snæfellsbæjar til þess að öðlast jafnlaunavottun rann út.

Með bréfi þessu vilja forsætisráðuneytið og Jafnréttisstofa brýna þá aðila sem ekki hafa enn hlotið jafnlaunavottun, þrátt fyrir ríflegan frest, að ljúka ferlinu sem fyrst. Þá er jafnframt ítrekað að heimilt er að beita aðila dagsektum í þeim tilfellum sem þeir láta hjá líða að verða sér út um jafnlaunavottun, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

Virðingarfyllst,

Steinunn Valdís Óskarsdóttir

Skrifstofustjóri skrifstofu jafnréttismála  
í forsætisráðuneytinu

Katrín Björg Ríkarðsdóttir

framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu



# SNÆFELLSBÆR

*Par sem jökulinn ber við loft...*

Snæfellsbær  
Kt. 5106942449  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandi

Snæfellsbæ, 2. september 2021

2108001VHK

## Efni: Deiliskipulagstillaga - Iðnaðarsvæði á Rífi

Á fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar þann 20. ágúst 2021 var ofangreint erindi tekið fyrir.

Lögð er fram til kynningar deiliskipulagsstillaga fyrir iðnaðarsvæði, Rífi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í deiliskipulagið en bendir á að í texta skipulagsskilmála mætti bæta við "núverandi steypustöð við Melnes".

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllt,



Ragnar Már Ragnarsson  
Forstöðumaður tæknideildar





# SNÆFELLSBÆR

*Þar sem jökullinn ber við loft...*

Snæfellsbær  
Kt. 5106942449  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandi

Snæfellsbæ, 2. september 2021  
2105026VHK

## Efni: Nýtt deiliskipulag á Hellissandi - Raðhús

Á fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar þann 20. ágúst 2021 var ofangreint erindi tekið fyrir.

Lagður er fram uppdráttur deiliskipulags raðhúsa á Hellissandi sem er í samræmi við óverulega breytingu aðalskipulags sem var gerð nýlega.

Setning í greinargerð um möguleika á breytingu raðhúsalóða í einbýlishúsalóðir verður felld út.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllt,

  
Ragnar Már Ragnarsson  
Forstöðumaður tæknidælar





# SNÆFELLSBÆR

*Par sem jökulinn ber við loft...*

Snæfellsbær  
Kt. 5106942449  
Klettsbúð 4  
360 Hellissandi

Snæfellsbæ, 2. september 2021

2102011VHK

## Efni: Deiliskipulagsbreyting - Brekkan, Ólafsvík

Á fundi Umhverfis- og skipulagsnefndar þann 20. ágúst 2021 var ofangreint erindi tekið fyrir.

Vegna athugasemda á auglýsingartíma mælir skipulagsfulltrúi með því að byggingarreitir á svæðinu verði rýmkaðir.

Vegna framkominna athugasemda á auglýsingatíma felur umhverfis- og skipulagsnefnd skipulagsfulltrúa í samráði við tæknideild að rýmka byggingarreiti.

**Þetta tilkynnist hér með.**

Virðingarfyllt,

  
Ragnar Már Ragnarsson  
Forstöðumaður tæknideildar



EARTHCHECK